

## REGLUR

### um breytingu á reglum nr. 1033/2019 um Doktorsstyrkjasjóð Háskóla Íslands.

#### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. reglnanna:

- Í stað orðsins „janúar“ í 2. másl. 1. mgr. kemur orðið: febrúar.
- Í stað orðanna „í byrjun“ í 2. másl. 1. mgr. koma orðin: um miðjan.

#### 2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. reglnanna:

2. mgr. fellur brott.
3. mgr. fellur brott.

#### 3. gr.

Lokamálsliður 5. gr. reglnanna orðast svo: Önnur viðmið lúta að mati á vísindalegri hæfni umsækjenda, aðstöðu og almennt ytri umgjörð fyrirhugaðs verkefnis samkvæmt viðmiðum sem vísindanefnd háskólaráðs setur og kynnt eru sérstaklega þegar auglýst er eftir umsóknum í sjóðinn.

#### 4. gr.

Í stað orðsins „febrúar“ í lokamálslið 7. gr. reglnanna kemur orðið: mars.

#### 5. gr.

Í stað orðanna „í byrjun“ í 1. másl. 2. mgr. 9. gr. reglnanna koma orðin: um miðjan.

#### 6. gr.

Lokamálsliður 2. mgr. 12. gr. reglnanna orðast svo: Hafi doktorsritgerð ekki borist vísinda- og nýsköpunarsviði tveimur árum eftir að næstsiðasta mánaðargreiðsla var innt af hendi fellur lokagreiðsla styrks niður.

#### 7. gr.

Reglur þessar, sem rektor Háskóla Íslands hefur samþykkt fyrir hönd háskólaráðs, öðlast þegar gildi.

*Háskóla Íslands, 13. desember 2024.*

**Jón Atli Benediktsson.**

*Þórður Kristinsson.*